

Mannauðsstefna Framhaldsskólans í Austur- Skaftafellssýslu

Starfsfólk skólans starfar samkvæmt lögum, reglum, erindisbréfum og kjarasamningum sem eru í gildi á hverjum tíma.

Í Framhaldsskólanum í Austur- Skaftafellssýslu er lögð áhersla á að:

- allir starfsmenn hafi góða vinnuaðstöðu og aðgang að þeim tækjum sem þurfa þykir hverju sinni
- við skólann sé virkt starfsmannafélag sem stuðlar að góðu félagslífi
- styrkja og stuðla að góðum samskiptum við starfsfólk Nýheima í gegnum félagslíf, endurmenntun og samvinnuverkefni
- stuðla að því að starfsfólk hafi sveigjanleika til þess að samhæfa vinnu, nám og fjölskyldulíf
- hvetja kennara og leiðbeinendur til símenntunar sem og réttindalausna kennara til að afla sér réttinda
- stuðla að starfsánægju með samveru og samskiptum sem einkennast af trausti, gleði og samvinnu
- samskipti á vinnustað séu uppbyggileg og jákvæð
- stuðla að góðu upplýsingaflæði.

Ráðningar og starfslok

Hjá Framhaldsskólanum í Austur- Skaftafellssýslu er staðið faglega að ráðningum starfsfólks og ráðið er í störf samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins 70/1996.

- Öll störf eru auglýst í samræmi við gildandi lög.
- Gætt er jafnræðis í ráðningarferlinu og gætt að því að það sé í samræmi við gildandi lög og reglur.
- Ákvörðun um ráðningu í starf er rökstudd og byggð á faglegum/málefnalegum sjónarmiðum.
- Jafnréttissjónarmiða er gætt við mannaráðningar.
- Nýju starfsfólki er kynnt stefnuskrá skólans og mælst er til að starfað sé í anda hennar.
- Skólameistari er ábyrgur fyrir því að taka á móti nýju starfsfólki samkvæmt móttökuáætlun nýrra starfsmanna og að kynna það sem lýtur sérstaklega að starfssviði þeirra.
- Leggja skal áherslu á að taka vel á móti nýju starfsfólki og að því líði vel í starfi frá byrjun.
- Í FAS er lögð áhersla á að starfsfólk hverfi ánæggt frá skólanum við starfslok.

- Farið er að starfsmannalögum varðandi starfslok.
- Skólinn kemur til móts við óskir starfsfólks um starfslok.
- Viðskilnaður við skólann er með þeim hætti að starfsmaðurinn minnst þeirrar stundar með ánægju.
- Fastráðnum starfsmönnum gefst kostur á starfslokaviðtali hjá skólameistara. Viðtalið gefur skólanum tækifæri til að draga lærdóm af ábendingum starfsmanna um það sem betur má fara í skólastarfinu.

Gagnkvæmar væntingar, jafnrétti og traust

Gengið er út frá því að starfsfólk hafi væntingar til skólans sem vinnustaðar og að sama skapi hefur skólinn væntingar til starfsfólksins. Mikilvægt er að:

- gott samstarf og gagnkvæmt traust ríki meðal starfsfólks
- starfsfólk sýni ábyrgð, frumkvæði, samstarfsvilja, metnað og sjálfstæði í starfi
- starfsfólk njóti hæfileika sinna og menntunar
- starfsfólk njóti trausts og tillitssemi og eigi jákvæð og uppbyggjandi samskipti
- starfsfólk vinni saman sem liðsheild og sýna samstarfsfólki sínu og öðrum tilhlýðilega virðingu, umburðarlyndi og jákvætt viðmót
- starfsfólk sé í stakk búið til þess að vinna saman sem ein liðsheild að sameiginlegum markmiðum
- starfsfólk hafi tækifæri til að taka þátt í mótun stefnu skólans og ákvörðunum um málefni sem varða störf þeirra sérstaklega
- gætt sé jafnréttis meðal starfsfólks og að hver og einn sé metinn á eigin forsendum
- starfsfólk hafi jafna möguleika til starfa, verkefna, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfspjálfunar
- siðareglur og viðmið um góða starfshætti eru leiðarljós í öllum daglegum störfum skólans
- starfsfólk leggi sig fram í starfi, fylgi fyrirmælum, tileinki sér fagleg og vönduð vinnubrögð, þrói hæfni og rétta hegðun sem þörf er á til að skapa árangur við framkvæmd stefnu.

Einkalíf og starf

Mikilvægt er að velferð einstaklinga í einkalífi fari saman við líðan þeirra og árangur í starfi.

- Leitast skal við að skapa starfsfólki aðstæður til að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins vel og kostur er.
- Starfsfólk skal eiga möguleika á hlutastarfi og sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem aðstæður leyfa, t.d. að minnka við sig vinnu tímabundið vegna fjölskylduaðstæðna.
- Makar eru hvattir til þátttöku á skipulögðum skemmtunum og námsferðum starfsmanna.

Starfsþróun

Starfsfólk skal eiga kost á fræðslu og endurmenntun sem eykur hæfni þess í starfi og auðveldar því að takast á við ný og krefjandi viðfangsefni.

- Lítið er á starfsþróun sem virkan þátt í skólastarfinu.
- Stuðlað er að ánægju starfsfólks og þeim veitt tækifæri til þess að vaxa í starfi.
- Starfsþróun er viðhaldið og hún aukin með símenntun.
- Starfsfólk á kost á símenntun innan sem utan skólans til að auka þekkingu sína og faglega hæfni sem nýtist í starfi.
- Starfsfólk skal leitast við að þróast í starfi og laga sig að síbreytilegum kröfum sem gerðar eru á hverjum tíma.
- Starfsfólk er vel upplýst um verkefni sín og skyldur og hafa þekkingu á málaflokkum og verkefnum skólans.

Hvatning og endurgjöf

Lögð er áhersla á þarfir, hvatningu, frammistöðu og starfsþróun starfsfólks:

- Starfsfólk á rétt á reglulegri endurgjöf vegna starfa sinna. Endurgjöf til starfsmanna er regluleg og formleg en einnig óformleg eftir atvikum.
- Lögð er áhersla á að gefa heiðarlega endurgjöf með því að hrósa fyrir vel unnin verk og gefa leiðbeinandi ábendingar um það sem betur má fara.
- Skólinn leggur sitt af mörkum til að styrkja jákvæðan starfsanda og félagslíf starfsmanna.
- Reglubundin starfsmannasamtöl eru vettvangur samræðu milli starfsmanna og stjórnenda.
- Væntingar stjórnenda og starfsfólks eru ljósar og samráð skal haft um umbætur þar sem þeirra er þörf.

Starfsumhverfi

Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu er eftirsóknarverður vinnustaður í hvetjandi starfsumhverfi þar sem starfsfólki gefst kostur á að vaxa og dafna í starfi.

- Lögð er áhersla á þarfir, hvatningu, frammistöðu og starfsþróun.
- Í hvívetna er lögð áhersla á að starfsfólk hafi aðstöðu og aðbúnað til að rækja starf sitt vel.
- Starfsfólki er tryggt heilsusamlegt og öruggt starfsumhverfi sem uppfyllir kröfur um öryggi og hollustu og þar með vinnuaðstæður sem stuðla að velferð og árangri í starfi.
- Ákvarðanataka í skólanum er gagnsæ og í samræmi við góða stjórnsýsluhætti.
- Starfsfólk leggur sitt af mörkum til að félagslegt starfsumhverfi sé gott.
- Ekki er liðið að starfsmenn verði fyrir eða taki þátt í einelti og/eða kynferðislegri áreitni.
- Starfsfólk er hvatt til að leggja rækt við eigin heilsu og ástunda heilbriggt lífni.
- Skólinn er tóbaks-, áfengis- og vímuefnalaus vinnustaður. Í því felst m.a. að óheimilt er að vera undir áhrifum áfengis og vímuefna í starfi, (sbr. 21.grein 1 70/1996).
- Skólinn sýnir nauðsynlegan sveigjanleika til þess að starfsfólk geti notið þeirrar með sí- og endurmenntun sem það velur.

Laun og umbun

Skólinn fer eftir kjarasamningum og leggur áherslu á upplýsingagjöf og gott samstarf við trúnaðarmenn. Laun stjórnenda og kennara eru enn fremur ákveðin með hliðsjón af stofnanasamningi FAS sem byggir á kjarasamningi ríkisins við Félag framhaldsskólakennara og Félag stjórnenda í framhaldsskólum. Skólinn lítur svo á að mikilvægt sé að launaskrið feli í sér hvatningu og sé samofið markmiðum skólans. Leitast er við með gerð stofnanasamninga að rök fyrir launaröðun séu skýr, málefnaleg og öllum ljós. Mikilvægt er að stofnanasamningur endurspegli jafnræði innan skólans. Við ákvörðun launa skal huga sérstaklega að því að kynjum sé ekki mismunað. Skólinn býður starfsfólki upp á einn klukkutíma vikulega á vinnutíma, sem kölluð er *hreyfistund* og vill skólinn þannig efla heilsu og stuðla að bættri líðan starfsfólks.

Þagnarskylda

Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagnælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum (sbr. 18. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins). Starfsmenn undirrita [eyðublað um þagnarskyldu](#) í upphafi starfsferils. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.